

Siðareglur Landhelgisgæslu Íslands.

Gildissvið.

1. gr.

Landhelgisgæsla Íslands er einn af hyrningarsteinum íslenska lýðveldisins og útvörður öryggis þjóðarinnar.

Siðareglur þessar ná til allra starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands sem í reglum þessum eru nefndir Landhelgisgæslumenn.

Þegar Landhelgisgæslumenn sinna löggæslu og tollgæslu skulu þeir einnig hafa siðareglur viðkomandi stofnana að leiðarljósi.

Hlutverk Landhelgisgæslu Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landhelgisgæslu Íslands er að halda uppi lögum, öryggi og fullveldisrétti Íslands innan landhelgi og efnahagslögsögu, sinna björgunarþjónustu og fleiri störfum sem kveðið er á um í lögum um Landhelgisgæsluna.

Í störfum sínum bera Landhelgisgæslumenn ábyrgð gagnvart almenningi og yfirvöldum.

Góðir starfshættir Landhelgisgæslumanna.

3. gr.

Starf Landhelgisgæslumanna skal byggt á fyrirmælum í lögum og öðrum réttarheimildum, þ.m.t. þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands.

Í starfi Landhelgisgæslumanna skal áhersla lögð á góða siði og að Landhelgisgæslumenn tileinki sér og fylgi þjónustusiðum Landhelgisgæslunnar í starfi. Landhelgisgæslumenn skulu vera áreiðanlegir og starfsamir kunnáttumenn. Þeir geta því aðeins vænst trausts og virðingar vegna starfa sinna að þeir framkvæmi hlutverk Landhelgisgæslunnar með það að leiðarljósi að þjóna samfélaginu af heiðarleika, hlutlægni, réttisýni, nærgætni, trúmennsku, þagmælsku og fagmennsku.

Landhelgisgæslumönnum ber að viðhalda þekkingu sinni og færni.

4. gr.

Starfsmönnum Landhelgisgæslunnar ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir. Þeim ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Því skulu þeir víkja eigin hagsmunum til hliðar við framkvæmd starfa í almanna þágu og Landhelgisgæslunnar.

5. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæslu verða ávallt að virða það að allir eru jafnir fyrir lögum og eiga jafnan rétt á þeirri þjónustu sem Landhelgisgæslan veitir, án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættarnis eða stöðu að öðru leyti.

6. gr.

Landhelgisgæslumenn skulu stuðla að því að upplýsingar sem almenningi eru nauðsynlegar varðandi starfsemi Landhelgisgæslunnar séu aðgengilegar og vel kynntar. Landhelgisgæslumenn skulu þó ekki tjá sig við fjölmiðla nema í samræmi við það sem mælt er fyrir um í leiðbeiningum forstjóra um samskipti Landhelgisgæslunnar og fjölmiðla.

7. gr.

Landhelgisgæslumönnum ber þagnarskylda um atvik sem þeir verða áskynja um í starfi eða vegna starfs síns. Þetta tekur m.a. til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, starfshætti Landhelgisgæslunnar og fyrirhugaðar aðgerðir. Sama á við um aðrar upplýsingar, gögn eða skjöl samkvæmt lögum, starfsreglum Landhelgisgæslunnar eða eðli málsins.

8. gr.

Landhelgisgæslumönnum er skylt að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um störf sín og fylgja þeim eftir af trúmennsku. Landhelgisgæslumenn bera ábyrgð á gerðum sínum í starfi og fyrir mælum, sem gefin eru undirmönnum.

9. gr.

Verði Landhelgisgæslumenn varir við spillingu af einhverju tagi innan Landhelgisgæslunnar skulu þeir tilkynna yfirmönnum sínum um hana eins fljótt og auðið er.

Landhelgisgæslumenn skulu ekki þiggja gjafir í tengslum við störf sín. Sanngjarnt er að víkja frá þessu ef um afmælisgjafir eða annars konar tækifærisgjafir er að ræða enda séu verðmæti þeirra innan hóflegra marka. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni er heimilt að taka við gjöf.

11. gr.

Landhelgisgæslumenn skulu gæta hófs og sanngirni í ummælum sínum um samstarfsmenn sína jafnt og um aðra menn svo sem með því að taka ekki þátt í slúðri eða dreifa rógi um þá eða aðra. Þannig skulu Landhelgisgæslumenn leitast við að skapa jákvætt andrúmsloft innan Landhelgisgæslunnar.

12. gr.

Landhelgisgæslumenn skulu gæta þess að aðhafast ekkert það í starfi sínu eða utan þess, sem er almennt til þess fallið að draga óhlutdrægni þeirra í starfi í efa.

Starfsmenn Landhelgisgæslu skulu í starfi sínu gæta fyllsta hlutleysis og jafnræðis í aðgerðum gagnvart erlendum þjóðum við störf á alþjóðlegum hafsvæðum.

13. gr.

Landhelgisgæslumenn skulu vera snyrtilegir til fara við vinnu sína. Þeir starfsmenn sem bera skulu einkennisfatnað Landhelgisgæslunnar skulu eingöngu nota fatnaðinn við störf sín og í samræmi við reglur Landhelgisgæslunnar um einkennisföt.

14. gr.

Landhelgisgæslumenn skulu fara vel með þær eigur stofnunarinnar sem þeir hafa umráð yfir eða fá til afnota. Þá ber Landhelgisgæslumönnum að fara vel með það almannafé sem þeir hafa til ráðstöfunar, gæta þess að það sé vel nýtt og það sé ekki notað á annan hátt en ætlast er til lögum samkvæmt.

15. gr.

Þeir Landhelgisgæslumenn sem hafa með mannráðningar og forráð að gera, skulu ekki nýta stöðu sína til að ráða skyld- eða venslafólk til starfa. Komi slík staða upp skal viðkomandi starfsmaður víkja ráðningunni til yfirmanns síns eða annars hæfs starfsmanns.

16. gr.

Starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands er óheimilt að taka þátt í umfjöllun eða afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan eða skyld- eða venslafólk hans.


17. gr.

Landhelgisgæslumönnum er óheimilt að gegna eða taka stöðu/starf sem er ósamrýmanlegt starfi viðkomandi hjá Landhelgisgæslunni. Áður en starfsmaður hyggst, samhliða starfi sínu taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra forstjóra frá því sem tekur afstöðu til málsins innan tveggja vikna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Banni forstjóri slíkt aukastarf, má bera það undir dómsmálaráðherra.

18. gr.

Síðareglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík 25. apríl 2006.



Georg Kr. Lárusson
forstjóri.